


ATHUGUN A SILUNGI Í VÍKURFLÓÐI LANDBROTÍ.

MAGNÚS JOHANNSSON



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

MARS
1987

VMST-S/87002

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-S/87002

Athugun á silungi í Víkurflóði, Landbroti.

INNGANGUR.

Að beiðni Harðar bónda í Efrivík í Landbroti var farið að Víkurflóði 26. júní 1986 og fiskur í vatninu athugaður. Víkurflóð er grunnt og ca. 10 ha. Umhverfis vatnið er mýrlendi. Vatnið hefur afrennsli í Skaftá. Vatnsborð vatnsins hafði nýlega verið hækkað með stíflu við útrennslið.

RANNSÖKNARADFERDIR.

Tilraunanet með eftirtöldum möskvastærðum voru lögð í vatnið; 20, 25, 33, og 40 mm. Veiðialagið var samtals 0.67 lagnir (1 lögn = 1 net í 24 klst.). Öll netin voru látin liggja í 2 tíma og auk þess lágu 33 og 40 mm netin 4 tíma í viðbót. Allur aflinn var lengdarmældur (heildarlengd) og hluti tekin til aldurs-, kyn-, kynþroska- og fæðugreiningar. Við fæðuathugun var magafylli silungana metin og gefin stig frá 0-5, þar sem 0 er tómur magi en 5 troðinn. Fæða var greind á staðnum um leið og sýnum var safnað.

NIDURSTÖÐUR.

Afli úr vatninu var samtals 59 silungar, 47 urriðar og 12 bleikjur. Einn urriði var háfaður úr útrennslinu. Afli í lögn var samtals 88 silungar, 70 urriðar og 18 bleikjur. Flestir (26) urriðanna veiddust í 20 mm netið. Hinsvegar veiddust flestar (5) bleikjanna í 40 mm netið.


Lengd urriðanna úr vatninu var frá tæpl. 18 sm og upp í 43 sm (mynd 1). Flestir voru 25-30 sm. Bleikjurnar voru að jafnaði mun stærri en urriðarnir eða frá 33 sm og allt að 44 sm.

Aldur urriðanna var 2 til 4 ár (tafla 1). Flestir reyndust 3ja ára. Erfitt reyndist að aldursgreina bleikjurnar nákvæmlega vegna þess hversu kvarnir og hreistur voru óskýr. Ljóst er þó að aldur þeirra var frá 2ja til 4ra ára og flestar 3-4ra ára.

Tafla 1. Aldur og meðallengdir eftir aldri hjá urriðum úr Víkurflóði, 26.6. 1986.

Aldur ár	Fjöldi	Meðallengd sm	Lengdarbil
2	4	19.6	18.5-20.5
3	14	25.3	17.0-32.0
4	5	39.5	34.0-42.5

Vöxtur silunganna verður að teljast ágætur. Meðallengd 2ja ára urriða var um 20 sm 3ja ára um 25 sm og 4ra ára um 40 sm (tafla 1). Vegna þess að ekki var hægt að aldursgreina bleikjurnar nákvæmlega er ekki unt að segja með nákvæmni um vöxt þeirra. Greinilegt er þó að vöxtur þeirra er ágætur.



Mynd 1. Lengdardreifing; A, urriða og B, bleikja úr Víkurflóði, 26.6. 1986.

Kynjahlutfall virtist nokkuð jafnt hjá báðum tegundum. Hlutfall kynþroska fiska var hinsvegar mun hærra hjá bleikjum en urriðum. Meirihluti bleikjanna var kynþroska en enginn urriði. Allar kynþroska bleikjur voru um eða yfir 40 sm.

Fæða var athuguð hjá 17 urriðum og 9 bleikjum. Munur kom fram á fæðuvali tegundanna. Flestir (63%) urriðanna höfðu étið rykmýspúpur og flugur. Hornsili var einnig mikilvæg fæða einkum hjá stærstu urriðunum. Flestar (88%) bleikjanna höfðu hinsvegar étið vatnabobba en rykmýspúpur og flugur fundust í um helming þeirra. Meðalmagafylli urriðanna var 2.2 og bleikjanna 2.8. Af snýkjudyrum fundust bandormar í tveimur fiskum.

ALYKTANIR OG RÁDLEGGINGAR.

Uppistaða silungana í Vókurflóði eru ungir fremur smáir en hraðvaxta urriðar. Bleikja virðist vera í minni hluta í vatninu en hún er stærri og vex einnig vel. Næringarástand silungana var gott. Enda þótt mikið af fiski sé í vatninu virðist það því geta borið þennan fjölda. Athyglisvert er að flestir urriðarnir voru 25-30 sm langir. Þessir fiskar voru flestir silfraðir. Hugsanlega eru þetta afkomendur sjóbirtinga, gönguseiði. Stærstu urriðarnir (4 ára) voru einnig bjartir og vaxtarmynstur þeirra bendir til að

þeir hafi gengið einu sinni í sjó. Stíflun vatnsins gæti hafa valdið því að þessir fiskar gengu ekki í sjó þá um vorið, enda var ein ástæða þess að stíflan var gerð að talið var að fiskurinn færi úr vatninu og kæmi ekki til baka. Vatnsborðshækkun vatnsins vegna stíflunnar er til bóta bæði vegna þess að vatnið stækkar og hins að fæðuframboð fyrir fiska eykst. Hinsvegar ætti afrakstur vatnsins að geta verið mun meiri ef fiskur fær að ganga frjáls til sjávar og til baka. Rétt væri að athuga betur fiskgöngur úr og í vatnið. Þetta mætti gera með því að setja kistu í útrennslið sem veiðir fisk á göngu. Veiðimálastofnun er tilbúin að veita ráðgjöf ef farið yrði út í slíkar framkvæmdir.

Eins og fram hefur komið er mest af fiskinum í vatninu fremur smár urriði en í örum vexti. Rétt er að hlífa þessum fiski en beina veiðiláginu á fiska um og yfir 40 sm. Þetta yrði best gert með því að veiða með 40 mm (1 1/2 tommu) netum en einnig mætti nota 35 mm net en í minna mæli. Þessar möskvastærðir virðast einnig henta fyrir bleikjuna. Reikna má með að úr vatninu megi veiða um 200-300 kg á ári af fiski sem alið hefur allan sinn aldur í vatninu, en svo sem fyrr er sagt yrði afrakstur mun meiri af sjógengnum fiski. Nauðsynlegt er að halda skýrslu yfir veiðina í vatninu til þess að hægt sé að gefa frekari ráðgjöf um heppilega nýtingu vatnsins.